

Ed.

463. Frumvarp til laga

[283. mál]

um breyting á lögum nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Við 3. tl. 4. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Matvæli og aðrar neyslu- og nauðsynjavörur teljast hafðar á boðstólum á dreifingarstað, sé þær þar að finna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Allt frá setningu fyrstu reglugerðar um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, þ. e. a. s. í kjölfar laga nr. 24/1936, hefur verið að finna ákvæði þess efnis, að finnist slíkur varningur á dreifingarstað skuli hann teljast hafður þar á boðstólum. Ekki styðst þetta við ótvíræð lagaákvæði heldur helgast fremur af nauðsyn þess, að eftirlitið verði rekið sómasamlega og að ekki þurfi að sanna að vara sé til dreifingar, sé hana að finna á stöðum, sem að öðru jöfnu hafa slíka vöru til dreifingar. Hefur verið starfað eftir þessum ákvæðum alla tíð síðan og ekki á það reynt fyrr en nú að þau stæðust ekki.

Fyrir nokkru kærði heilbrigðiseftirlit Reykjavíkursvæðis til ríkissaksóknara dreifingaradila, sem taldi ákveðna vöru ekki til sölu á dreifingarstað og hélt því fram að það væri heilbrigðiseftirlitsins að sanna að hún væri til sölu. Ríkissaksóknari taldi ekki lagalega forsendu til aðgerða, þar sem áðurnefnd reglugerðarákvæði ættu sér ekki lagastof og þegar sönnunarbyrði væri snúið við á þennan hátt þyrfti til ótvíræða lagaheimild.

Að fenginni ofangreindri niðurstöðu ríkissaksóknara fór Hollustuvernd ríkisins þess á leit við ráðuneytið, að höfðu samráði við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna skv. lögum nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, að það beitti sér fyrir því að heilbrigðiseftirlitið gæti starfað á þann hátt sem nauðsynlegt væri og leitaði leiða til úrbóta. Fyrir því sér ráðuneytið ekki aðra leið færa en að leggja til breytingar á nefndum lögum og er frumvarp þetta því fram komið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með dreifingarstað er átt við framleiðslustað, geymslustað og sölustað.

Um 2. gr.

Parfnast ekki skýringar.